

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2217
komudagur 7.5.2012

Til Atvinnuveganefndar Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 7. maí 2012

Sendandi:
Gunnar Hersveinn
kt. 2803605119
Vesturgötu 45
101 Reykjavík
s. 693 9646

Pingskjal 1165 — 727. mál.

Ég geri athugasemd við að virkjunarhugmyndir 63. Eldvörp, 64. Sandfell og 66. Sveifluhás fari í nýtingarflokk og mælist til þess að þær verði settar í biðflokk. Ég tel að sökum annarra hugmynda eins og t.d. um að stofna Eldfjallagarð á Reykjanesi, þurfi að sýna biðlund. Einnig eru áhöld um að þessi orka dugi vel eða endist vel.

Ég hef skrifað greinarkorn til að rekja röksemdir mínar fyrir þessu sem ég bið ykkur um að lesa:

<http://www.framtidarlandid.is/2012/05/04/reykjanesid-alveg-upp-i-bidflokk/>
REYKJANESIÐ ALVEG UPP Í BIÐFLOKK



Tíðarandinn sem ræður ríkjum um þessar mundir er kvalinn af galla sínum. Hann getur engu hætt. Ekki einu sinni þótt öll rök og ástæður hnígi í aðra átt. Svo áhugavert virðist það vera að setja saman

„virkjunarkosti“ að ekki einu sinni friðlýst svæði eða hagsmunir almennings eru næg hindrun. Eina leiðin til að stöðva hinn ólánsama tíðaranda er að hleypa að öðrum tíðaranda: þar sem valdinu er dreift til almennings, lýðræðið virt og tími gefinn fyrir rannsóknir og aðrar hugmyndir.

Samband orkukerfa og umfang nýtingar þarf að standast kröfur um sjálfbærni – nýjar virkjanir á Reykjanesi virðast ekki gera það. Ákøf nýting jarðvarma á Reykjanesi gæti því leitt til þess að þetta dýrmæta orkukerfi liði hratt undir lok. Ástæða er til að staldra við.¹

Reykjaneskaginn er ríkur af háhitalindum og í 2. áfanga rammaáætlunar eru þrjár mögulegar jarðvarmavirkjanir merktar á kortið og flokkaðar alveg niður í nýtingarflokk: Sandfell, Sveifluháls og Eldvörp og tvær fara upp í biðflokk: Austurengjar og Trölladyngja. En háhitakerfi á þessum slóðum virðist þó ekki henta vel til raforkuframleiðslu fyrir stóriðju og ættu því allar hugmyndir að fara í biðflokk á meðan málið er rannsakað nánar.

Nýting myndi ekki aðeins skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum, heldur einnig þekkingarþrá, sköpunargáfu og sérstöðu hennar. Hún myndi til að mynda draga úr líkum á eldfjallagarði á Reykjaneskaga því jarðminjar myndu skemmast og skipulag slíkra garða miðast við friðun jarðminjasvæða og vöktun og úttektir.^{2,3}

Hratt er gengið á auðlindir um þessar mundir og því munu komandi kynslóðir ekki gefa okkur góða einkunn í sögubókum ef við fómum náttúruundrum á Reykjanesinu fyrir tímabundna sölu til stóriðju. Við yrðum dæmd sem fljótfær kynslóð sem aldrei gat neinu hætt fyrr en of seint.

Taumlaus tíðarandi

Við bjuggum í tíðaranda sem blés svo ákaft í blöðrur að þær sprungu, þegar ein blaðran sprakk var blásið í þá næstu af enn meiri krafti. Þessi tíðarandi hopar nú á fæti en svo virðist sem einhverjir (hagsmuna)hópar blási enn – jafnvel í sprungnar blöðrur. En virkjun á Krýsuvíkursvæðinu er, að mínu mati, margsprungin hugmynd.

Jarðvarmavirkjanir á Reykjanesi í þágu stóriðju geta engan veginn verið góður kostur. Gagnvart komandi kynslóðum yrðu orkulindirnar ekki aðeins þurrausnar heldur yrði óafturkræft jarðrask á svæðinu: vatnshverir þorna, gufuhveravirkni breytist, gufumengun, hávaða- og sjónmengun og efnamengun í lofti og vatni, auk landsigs og smáskjálftavirkni eins og á Hellisheiði.

Mælikvarðinn sem segir til um hvort réttlæt看legt sé að nýta jarðvarma á Reykjanesi undir stóriðju er því ekki aðeins háður tímabundnum hagsmunum einnar kynslóðar heldur næstu kynslóðum, ekki aðeins hér á landi heldur gagnvart heimsbyggðinni. Eldfjallagarður á Reykjanesi á góða möguleika til að verða víðfrægur og eftirsóttur áfangastaður jarðarbúa. Hann er margfalt endingabetri og vinalagri hugmynd en tvísýn virkjunarhugmynd í nýtingarflokki. Hann er eitthvað sem bæði sveitarfélög og ríki ættu að íhuga alvarlega.

Svo virðist sem virkjanir fyrir stóriðju á þessum slóðum falli ekki aðeins á prófum náttúrufræðinga heldur einnig siðfræðinga, því ef mælikvarðinn er sjálfbærni þá standast þessar virkjunarhugmyndir ekki. Sjálfbær ákvörðun tekur tillit til umhverfis, hagkerfis og samfélags og almenningur á einnig rétt á að koma að henni. Ákvörðun í rammaáætlun um nýtingu stenst ekki lýðræðiskröfuna, og dýrmætt svæði, sem nú er notað til útivistar, fræðslu og andlegrar og líkamlegrar heilsuþótar, tapast.

Taumlaus tíðarandi hunsar bæði sjálfbærni og lýðræði.

Gögn skortir enn til að meta virkjunarhugmyndir á Reykjanesi til fulls. Áhöld eru um hvort þær séu raunhæfar eða þess virði miðað við breytinguna sem yrði á svæðinu. Skynsamleg rök hníga því að þeirri niðurstöðu að setja þessar hugmyndir upp í biðflokk og fela næstu kynslóðum að meta þessar auðlindir.

Er það svo vandasamt? Yrði það ekki faglegt? Að flytja á elleftu stundu umræddar hugmyndir úr nýtingarflokki í biðflokk er að mínu mati fagleg ákvörðun. Sú fyrri er pólitískt samkomulag.

Náttúra og lýðræði

Virkjunarhugmyndir í Reykjanesfólkvangi eru ögrun, ekki aðeins út frá sjónarhóli náttúruverndar heldur einnig lýðræðis. Krýsuvíkursvæðið fellur innan fólkvangs sem er helgaður almenningi og náttúruvernd. Hann er tákni um virðingu okkar gagnvart landinu.

Fólkvangurinn er um 300 km² að stærð, langstærsta friðlýsta svæði sinnar tegundar hér á landi. Friðlýsing gerir ákveðnar kröfur til okkar, við ökum t.a.m. ekki utan merktra vega, hlífum gróðri, kveikjum ekki elda, sleppum hestum ekki lausum og við röskum væntanlega ekki svæðinu með vegagerð og borholum sem skapa mengun í lofti, láði og legi – eða hvað?

Miklu betri hugmynd en virkjun er þegar fyrir heldi: Eldfjallagarður á Reykjanesi – ekki fyrir stóriðju heldur fyrir íbúa landsins, ferðamenn og komandi kynslóðir óháðar landamærum. Nefna má sérstætt eldvarp, Grænavatn í Krýsuvík, sem kjörið jarðminjasvæði til að verða eftirsótt í eldfjallagarði.

Á Reykjanesskaga eru nánast allar gerðir eldvarpa sem þekkjast og verkefnið sem blasir við er ekki virkjun, heldur að vernda jarðfræðilega arfleifð, auka almennan skilning á jarðvísindum og styðja við uppbyggingu jarðminjagarðssvæðis svo það hafi góð áhrif á búsetu í nágrenni. Allt sem við viljum er biðlund til að byggja upp jarðfræðitengda ferðaþjónustu í eldfjallagarði!

Það allra minnsta sem við getum gert er að nema staðar. Köstum þessum æsta tíðaranda, þessum draug, sem engu eirir og setjum öll áform um virkjanir á Reykjanesi upp í biðflokk. Það er lágmarks kurteisi við næstu kynslóð. Gefum framtíðinni valkostinn. Nýtum heldur orkuna betur sem þegar er virkjuð í landinu.

Temjum tíðarandann!

Við getum auðvitað ekki verið viss um gáfur komandi kynslóða til að meta og virða þessi náttúruverðmæti. En biðum við! Kynslóðin á undan okkur var framsýn í hugsun því hún helgaði viðamikil náttúrusvæði undir heitinu Reykjanesfólkvangur. Hún tók það frá handa okkur og friðlýsti það. Það var falleg og verðmæt gjöf. Þiggjum hana áfram og útfærum hana í magnaðan eldfjallagarð.

Það er verkefnið! Við getum hætt, við getum beðið.

....

*1) Sjá nánar um virkjunarhugmyndir á náttúrukorti Framtíðarlandsins:

[Eldvörp](#) | [Sandfell](#) | [Sveifluháls](#) | [Austurengjar](#) | [Trölladynja](#)

*2) Ályktun Náttúruverndarþings 2012 um Eldfjallagarð á Reykjanesskaga: Náttúruverndarþing 2012 beinir þeim tilmælum til hlutaðeigandi yfirvalda og skorar á Alþingi Íslendinga að setja á stofn eldfjallapjóðgarð á Suðvesturlandi í sátt við heimamenn og útivistarfólk. Í kjarna þjóðgarðsins yrðu

núverandi fólkvangar Reykjaness og Bláfjalla, auk aðliggjandi og nærliggjandi verndarsvæða. Sveifluháls við Kleifarvatn og Krýsuvík er margfalt verðmætara sem verndað útivistarsvæði og eldfjallaþjóðgarður en sem iðnaðar- og orkuvinnslusvæði.

*3) Helgi Páll Jónsson. 2011. [Eldfjallagarður og jarðminjasvæði á Reykjanesskaða](#). Jarðvísindadeild Háskóli Íslands.

Með bestu kveðjum

Gunnar Hersveinn